

Fundur í Stýrihóp um bættar starfsaðstæður þann 13. Apríl 2018.

Mættir: Hörður Svararsson, Svava Björg Mörk og Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Jenný D. Gunnarsdóttir ritaði fundargerð.

Hópurinn ræddi svar mannauðsstjóra varðandi lokun á milli jóla og nýjárs. Það var alveg skýrt í ályktun sem leikskólastjórar sendu frá sér dagsett þann 25. október 2017, í bréfi til bæjarstjóra, um að loka leikskólum milli jóla og nýjárs á fullum launum. Það þýðir að það þarf að greina kostnaðinn. Starfsfólk grunnskóla (kennarar, skólaliðar, stuðningsfulltrúar, frístundaleiðbeinendur og BHm fólk) vinnur jólafríð/lokunina af sér. Það gæti komið fram krafa frá þessum hópi að þurfa ekki að vinna fríið af sér, ef þessi leið verður farin. Eins gætu skrifstofurnar og íþróttamannvirkin gert sömu kröfur.

Hörður kom með drög að skýrslu og tillögurnar að gjaldfrjálsum leikskóla. Hópurinn ræddi í framhaldinu fleiri rök en þau sem er í drögunum. Td. Að stefnan sé meða annars sú að ná til þeirra barna sem ekki eru í leikskóla í dag, en þau telja um 5%. Með þessari aðgerð væri mögulega hægt að ná til þeirra.

Hópurinn ræddi endurútreikning á barngildum líkt og lagt var fram í fræðsluráði þann 4. apríl sl. Mögulega væri hægt að leggja fram við FogF að kaupa þjónustu við það að mæla upp rýmin þannig að allar mælingar yrðu eins. Í þeim mælingum yrðu ekki mæld fjölnota rými né fastar innréttingar.

Jenný D. Gunnarsdóttir *sign*